



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 92-3100

40. fundur

Fundur var haldinn í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja í kennarastofunni miðvikudaginn 22. ágúst 1979 og hófst hann kl. 21.00.

Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Jón Hólmgeirsson, Bergmann Þorleifsson, Eggert Ólafsson, Ómar Bjarnþórsson og Jón Böðvarsson, skólameistari.

Þetta gerðist:

I. Skólameistari lagði til að skólasetning færi fram laugardaginn 1. september kl. 14.00 og var það samþykkt. Einnig var ákveðið að athöfnin yrði í samkomuhúsinu í Sandgerði.

II. Skólameistari upplýsti að innritaðir nemendur væru nú 465, þar af 180 nýnemar, en 285 eldri nemar.

III. Fjallað var um athugasemdir menntamálaráðuneytis við fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 1980. Skólameistari dreifði ljósrituðu bréfi ráðuneytisins, dagsettu 24. júlí 1979, þar sem ráðgerð er 45-50% lækkun á rekstraráætlun skólans og launakostnaðarlækkun um 32 milljónir króna.

Skólanefndin telur niðurskurð þennan í flestum atriðum mjög óraunhæfan og samþykkti að mótmæla honum eindregið. Fól nefndin skólameistara og formanni skólanefndar að vinna að því að fá fram leiðréttingu á áformuðum niðurskurði.

IV. Lagt var fram bréf frá menntamálaráðuneytinu dagsettu 24. júlí 1979. Þar sem farið er fram á að fá frekari upplýsingar um byggingarkostnað skólans. Dreift var bráðabirgðayfirliti yfir áfallinn stofnkostnað pr. 31/12 1978 að upphæð kr. 113.008.628-. Áfallinn byggingarkostnaður 1979 er nú kr. 22.261.239-.

Kostnaður við ólokna verkþætti er áætlaður kr. 15.000.000-. Sveitarfélögin hafa þegar fengið í hendur yfirlit um raunkostnað við rekstur skólans 1978 og endurskoðaða áætlun fyrir árið 1979. Hafa undirtektir verið góðar

og flest sveitarfélögin gert skil að nokkru leyti og Hafnahreppur að fullu.

V. Kennararáðningar:

Tillögur skólanefndar frá síðasta fundi hafa þegar verið samþykktar af menntamálaráðuneytinu.

Í samræmi við samþykkt síðasta fundar var mælt með að eftirtaldir kennarar yrðu settir í 2/3 úr stöðu:

1. Axel Nikolaison
2. Magnús Heimir Gíslason
3. Sturlaugur Björnsson

Ráðuneytið hefur þegar sett ofangreinda menn.

VI. Ekki er komið formlegt leyfi frá menntamálaráðuneytinu um starfrækslu II. stigs vélstjóranáms og annars árs ,
tréiðnanáms, en meðmæli liggja fyrir frá Vélskóla Íslands og Iðnfræðsluráði.

Skólanefndin leggur til að Steinþór Einarsson verði settur kennari við skólann, einnig Konráð Ásgrímsson.

Bergljót Kristjánsdóttir kennari við Flensborg í Hafnarfirði og Bragi Halldórsson kennari við F.S. hafa óskað eftir að fá að skipta um stöður, þannig að Bergljót komi að F.S. en Bragi verði við Flensborgarskólann.

Skólanefndin mælir með þessari tilhögun.

Skólanefnd mælir með því að stöðu Héðins Skarphéðinssonar verði breytt úr 2/3 í fulla stöðu.

VII. Önnur mál:

A) Skólameistari upplýsti að ekkert svar hafi borist við bréfi dagsettu 16. júlí 1979 þar sem fram eru settar athugasemdir skólanefndarinnar varðandi reikningskil fyrir árið 1978. Samþykkti skólanefndin að óska eftir svari við áður nefndu bréfi.

B) Skólameistari gerði grein fyrir því að ekki yrði hjá komist að fara fram úr reglu um hámarkseftirvinnu sem fram kemur í bréfi ráðuneytisins frá 26. júlí s.l. Aðalástæður eru þar að stærðfræðikennari sem búið var að ráða getur ekki komið til kennslu fyrr en um áramót og ekki fást nema tveir kennarar á viðskiptabraut með réttindi.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl 23.00.

Fundarritari.

Vélstjórnarbraut fyrsta og annars stigs starfar við skólann og einnig á tæknisviði og loks má nefna að á viðskiptasviði eru verslunar- og skirfstofubraut og viðskiptabraut til stúdentsprófs. Starfandi kennarar við skólann á þessu starfsári eru 45.

Rekstur: Samningur um þátttöku sveitarfélaganna í rekstri og stofnkostnaði skólans var samþykktur í ágústmánuði 1976 og miðast við fólksfjölda í hverju sveitarfélagi ár hvert.

Núverandi kostnaðarhlutföll eru: Gerðahreppur 6.505%, Grindavík 14.134%, Hafnahreppur 1.054%, Keflavík 51.351%, Miðneshreppur 8.613%, Njarðvík 14.610% og Vatnsleysustrandarhreppur 3.733%.

Samkvæmt samningi greiðir ríkisjóður allan launakostnað og 50% af öðrum rekstarkostnaði. Launakostnaður ríkisins vegna skólans á fjárhagsárinu 1979 er samkvæmt fjárlögum kr. 255.507.000 og nægir sú upphæð á fjárlögum fyrir 1980.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1980 er skólanum ætlaðar alls kr. 439.389.000- sem þannig skiptist: laun kr. 338.539.000-, annar rekstarkostnaður kr. 35.850.000-, gjaldfærður stofnkostnaður kr. 65.000.000-.

Annar rekstrarkostnaður samkvæmt áætlun skólanefndar er kr. 86.000.000- og ætti því hlutur hvors aðila að vera kr. 43.000.000-

Húsnæði: Skólaárið 1976 og 1977 fór bóklega kennslan fram að 2/3 hlutum í Gagnfræðaskólanum í Keflavík og 1/3 í eigin húsnæði. Sumarið 1978 var byggt ofan á það húsnæði skólans og fer nú öll bókleg kennsla þar fram. Verkleg kennsla fer öll fram í leiguhúsnæði í Njarðvík, nema á hársnyrtigreinum.

Byggingarframkvæmdum við að byggja ofan á húsnæði skólans er ekki lokið. Eftir er að ganga frá kennarastofu, mála húsið utan o.fl. byggingarkostnaður nemur nú kr. 122. milljónum.

Framtíðarverkefni: 1) Ljúka við núverandi byggingarframkvæmdir, 2) Byggja eða kaupa húsnæði fyrir verknámið, 3) Samkomusalur, 4) Mötuneyti, 5) Bókasafn, 6) Félagsaðstaða nemenda.

Sótt var til fjárveitinganefndar alþingis til þessara verkefna fjárhæð kr. 138.000.000-. (gjaldfærður stofnkostnaður).

Skólanefnd þakkar sveitarstjórnarmönnum vinsamleg samskipti og samstarf á undanförunum árum.

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum: Aðalfundur 1979.

Stutt skýrsla um starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja frá stofnun.

Fyrsti fundur samstarfsnefndar um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum var haldinn 11. desember 1975. Samningur við menntamálaráðuneytið um skólahald á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum var undirritaður 11. júní 1976 og Iðnskóli Suðurnesja þar með sameinaður fjölbrautaskólanum.

Skólameistarivar ráðinn Jón Böðvarsson. Skólinn var settur í fyrsta sinn þann 11. september 1976. Fyrsti fundur skólanefndar var haldinn 2. september. Í henni eru að mestu leyti sömu menn og í undirbúningsnefndinni og er hún þannig skipuð: formaður; Gunnar Sveinsson, fulltrúi fyrir Keflavík, Ingvar Jóhannsson, varaformaður, fulltrúi fyrir Njarðvík, Jón Hólmgeirsson, ritari, fulltrúi fyrir Grindavík, en aðrir skólanefndarmenn eru Ómar Bjarnþórsson, fyrir Miðneshrepp, Bergmann Þorleifsson, fyrir Gerðahrepp, Hreinn Ásgrímsson, fyrir Vatnsleysustrandarhrepp og Eggert Ólafsson, fyrir Hafnahrepp.

Öldungadeild var í fyrsta sinn heimiluð 15. nóvember 1976 en hún hefur verið leyfð frá ári til árs þar til snemma á þessu ári að varanlegt leyfi fékkst fyrir öldungadeild þar sem kenna má allar greinar sem eru á námsskrá í skólanum.

Fyrsta starfsár skólans 1976-1977 voru nemendur 230. Annað starfsárið 420. Á þriðja starfsári voru nemendur 450 og nú á fjórða starfsári eru nemendur á haustönn 466.

Eftirtalдар brautir veru við skólann:

Á heilbrigðissviði er heilsugæslubraut.

Á raungreinasviði er eðlisfræðabraut, náttúrufræðabraut og tæknifræðabraut

Á samfélagssviði eru félagsfræðabraut, fornmálabraut, málabraut og uppeldisbrautir, bæði tveggja ára og fjögurra ára,

Á tæknisviði er fiskvinnslubraut, flugliðabraut, verknámsbrautir í hársnyrtigreinum, málmiðnum og tréiðnum og auk þess iðnbrautir

í flestum aðalgreinum iðnaðar. Ekki er þó unnt að kenna allar iðngreinar við skólann vegna þess hversu fáir nemendur eru í sumum iðngreinum og verður þá að senda nema til Reykjavíkur.